

Miðvikudaginn 31. jan. 1934.

Nr. 133/1933. Kolbeinn Guðmundsson

gegn

Magnúsi Jónssyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Fyrir hönd áfrýjanda var mættur hæstaréttar-málflutningsmaður Sveinbjörn Jónsson og lagði fram áfrýjunarstefnu í málinu, dags. 18. nóv. f. á., en áður hafði hann afhent réttinum ágrip dómsgerða og fór hann þess á leit, að flutningi málsins yrði frestað til næsta mánaðar.

Stefndi var mættur og mótmælti því að frestur yrði veittur, en krafðist að málinu yrði vísað frá hæstarétti.

Með því að áfrýjandi hafði afhent réttinum ágrip dómsgerða og undirbúið málið til flutnings af sinni hálfu er það var þingfest er eigi ástæða til að taka mótmæli stefnda gegn frestuninni til greina og veitist áfrýjanda frestur í málinu til 14. febr. næstkomandi.

Því úrskurðast:

Áfrýjanda veitist frestur til 14. febrúarmánaðar næstkomandi.